

**52** leg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og lögum 4. des. 1886 og 20. 19. maí des. 1901 um breyting á fyrnefndum lögum gjört eptirfylgjandi

### samþykkt

um breyting á samþykkt 30. júlí 1898 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Norðurlisafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað.

3. gr. í samþykkt 30. júlí 1898 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Norðurlisafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað er úr gildi felld.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. júní 1905.

**Í stjórnarráði Íslands, 19. maí 1905.**

Í fjarveru ráðherrans.

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*

**53**

17. maí

### Auglýsing

um breyting á erindisbrjefi ráðsmanns holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsettu 10. september 1898.

Eptir tillögum yfirstjórnar holdsveikraspítalans í Laugarnesi eru gjörðar eptirgreindar breytingar á erindisbrjefi ráðsmanns holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsettu 10. september 1898:

1. gr.

Í stað 7. gr., sem fellur burtu, kemur ný grein svohljóðandi:

Hann skal vera á skrifstofu sinni á morgnana frá kl. 9<sup>1</sup>/<sub>2</sub>—10<sup>1</sup>/<sub>2</sub>, svo að yfirlæknir spítalans og húsmóðirin geti hitt hann, þegar hin daglega húsvitjun er afstaðin, til viðtals um pantanir og önnur nauðsynjamál spítalans; skal þá samin matskrá næsta dags eptir fyrirmælum læknis, og ber ráðsmanni að afhenda hana, undirskrifada af lækninum, ráðskonunni fyrir miðaptan. Næsta dag afhendir ráðskonan ráðsmanni aptur matskrána með nafni sínu á, og fer hún svo til gjaldkera.

2. gr.

Aptan við 9. gr. bætist:

Ennfremur heldur hann bók, sem yfirstjórnin löggildir, yfir öll þau búsöggn spítalans, sem hann hefir undir sinni hendi sjerstaklega samkvæmt stöðu

sinni. Í bók þessa skal hann setja það, sem bætist við, jafnóðum og það kemur og sömuleiðis hitt, sem er lagt niður. **53**  
17. maí

Þetta kunngjörist hjermeð.

Í stjórnarráði Íslands 7. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Magnússon.*

## Auglýsing

um viðauka við erindisbrjef handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsett 10. september 1898. **54**  
17. maí

Samkvæmt tillögum yfirstjórnar holdsveikraspítalans í Laugarnesi hefir stjórnarráðið samþykkt viðauka við erindisbrjef handa ráðskonu holdsveikraspítalans í Laugarnesi, dagsett 10. september 1898, og bætist viðauki þessi aptan við 3. gr. erindisbrjefsins. Viðaukinn er þannig:

Hún heldur bók löggilta af yfirstjórn spítalans, þar sem hún telur öll þau búsgögn spítalans, sem henni eru fengin í hendur, og setur það, sem bætist við, jafnóðum og það kemur, og sömuleiðis hitt, sem lagt er niður.

Þetta kunngjörist hjermeð.

Í stjórnarráði Íslands 17. maí 1905.

Í fjarveru ráðherrans.

**Kl. Jónsson.**

---

*Jón Magnússon.*

## Hafnarreglugjörð

fyrir

**Reykjavíkurkaupstað.**

Stjórnarráð Íslands hefur 1. apríl 1905 gefið út svofellda hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkurkaupstað. **55**  
1. apríl